

Dómurinn telur því ekki verða komist hjá því að vísa sjálfkrafa frá dómi fjárkröfu þeirri, sem stefndi hefur haft uppi til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður efnisdóms.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Kristni Sigurjónssyni húsasmíðameistara og Ragnari Ingimarssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Fjárkröfu stefnda, Hannesar Halldórssonar, til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms að fjárhæð kr. 29.447.01 er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 181/1980. **Ástþór Guðnason**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Drangi h/f

(Páll S. Pálsson hrl.).

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og settir hæstaréttardómarar Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandinn, Ástþór Guðnason, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. sama mánaðar. Hann gerir þær kröfur, að hinum áfrýjaða sýknudómi verði hrundið og stefnda, Drangi h/f, gert að greiða sér samtals 145.802.00 krónur að frádregnum áðurgreiddum 24.203.00 krónum, eða 121.599.00 krónur með

19% ársvöxtum af 38.567.00 krónum frá 1. september 1976 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 25. apríl 1980 og dómvöxtum frá þeim degi til 13. október 1982, en dómvexti af kr. 121.599.00 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi 13% ársvaxta frá 13. október 1982 til greiðsludags. Þá krefst hann og sjóveðréttar í m/b Símoni, GK 350 (áður Brimi, SU 69), fyrir dæmdum fjárhæðum. Að lokum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur tilkynnt Tryggingu h/f um áfrýjun málsins sem réttargæslustefndum fyrir Hæstarétti, en á hendur honum eru engar kröfur gerðar og eigi af hans hendi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dags. 13. október 1982, á örorkutjóni áfrýjanda.

Áfrýjendur hafa hækkað kröfur sínar frá því, er greinir í héraðsdómi, án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

Í héraðsdómi eru rakin atvik að slysi því, er mál þetta varðar. Er þar lýst akkerisfesti Brimis, SU 69, en búnað hennar telja sérfróðir meðdómsmenn ekki hættulegan í sjálfu sér, þó svo að tenging togvirs og akkeriskeðjunnar hafi eigi verið hættulaus. Áfrýjandi var bæði skipstjóri á framangreindu skipi og í stjórn hins stefnda hlutafélags, er átti skipið. Bar hann ábyrgð á búnaði þess og störfum unborð. Stýrimanninum, sem var við vindu skipsins, bar að sýna sérstaka aðgæslu við verk sitt. Jafnframt bar áfrýjanda að gefa stýrimanninum skýr fyrirmæli, sem öruggt væri, að hann heyrði. Misbrestur varð í þessu efni hjá báðum mönnum, og verður slysið m. a. rakið til þess. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir sakarskipting hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar, setts hæstaréttardómara.

Þegar slysið, sem mál þetta snýst um, varð, hafði áfrýjandi sjálfur tekið að sér að rétta af lásinn og þar með tekið í sínar hendur beina framkvæmd á verkinu.

Í hinum áfrýjaða dómi er talið, að ekki sé ljóst, hvernig fyrirmælum skipstjórans hafi í raun verið háttað og hvort hann hafi gefið rétt fyrirmæli og þau komist óbrennguð til stýrimanns. Á þessa ályktun héraðsdómsins ber að fallast.

Þá liggur ekki fyrir, að stýrimaður hafi viðhaft aðra aðferð við starf sitt en venja var.

Þykir því ekki næg ástæða til að leggja sök á slysinu á stýrimann.

Með þessum rökum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómsins.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. júní 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 22. maí sl., hefur Ástpór Guðnason skipstjóri, Búðavegi 28, Fáskrúðsfirði, áður til heimilis að Reykjabraut 24, Þorlákshöfn, höfðað með stefnu, framlagðri í dómi 25. apríl 1980, gegn Drangi h/f, Þorlákshöfn, Árnassýslu, og Tryggingu h/f, Laugavegi 178, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndi, Drangur h/f, yrði dæmdur til að greiða honum kr. 6.277.030 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og nánar var tiltekið í stefnu. Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndi, Drangur h/f, yrði dæmdur til að greiða honum kr. 3.856.768 með 13% ársvöxtum frá 1. september 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.017.839 í málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi. Þá krafðist stefnandi þess, að staðfestur yrði sjóveðréttur fyrir dæmdum kröfum í bátnum Símoni, GK 350, en sá bátur hét áður Brimir, SU 69.

Stefnandi gerði engar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefnda, Drangs h/f, eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfufjárhæð verði stórlega lækkuð. Enn fremur, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

MÁLSEFNI.

Stefnandi, sem var skipstjóri á m/b Brimi, SU 69, varð fyrir því slysi um borð 2. september 1976, að vinstri öln hans brotnaði uppi undir olnboga. Hann er talinn hafa hlotið af því slysi 15% varanlega örorku. Stefnandi gerir kröfu til þess að fá bætt fjártjón sitt og miska, sem hann telur hafa leitt af slysinu, og verður síðar í dóminum gerð grein fyrir útreikningum hans á bótakröfunum.

Stefnandi höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefndu út af sama sakarefni með stefnu, birtri 17. nóvember 1979, en það mál var fellt niður að ósk stefnanda 18. apríl sl.

Í máli þessu hafa sættir verið reyndar, en án árangurs.

Sjópróf vegna þessa slyss var haldið í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur, og hófst það 23. nóvember 1978 og var haldið áfram dagana 13. og 15. desember s. á.

Þar gáfu skýrslu auk stefnanda Sigurjón Rósmundsson stýrimaður og Kjartan Stefánsson háseti. Enn fremur gaf stefnandi skýrslu í sjó- og verslunardóminum í máli þessu 8. maí sl.

MÁLAVEXTIR.

Hið stefnda hlutafélag, Drangur h/f, er skráð í hlutafélagaskrá Árnassýslu 7. janúar 1971, og er heimilisfang þess í Þorlákshöfn. Þá skipa stjórn hlutafélagsins Páll E. Jónsson, formaður, Jakob Jónatansson, varaformaður, og stefnandi, Ástþór Guðnason, ritari.

Stefnandi kveður hlutafélagið varla hafa verið til nema á pappírnum. Það muni þó hafa verið skráður eigandi bátsins Brimis,

SU 69, og eignast hann um áramótin 1974—1975. Félagið hafi selt bátinn, en báturinn heitir nú Símon, GK 350, samkv. skráningarvottorði Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 22. maí 1980.

Stefnandi kvaðst frá upphafi hafa verið skipstjóri á bátnum Brimi og áður skipstjóri í áratugi. Þegar slysið varð, var báturinn á netaveiðum og lá við akkeri upp af Tvískerjum, en net bátsins munu hafa verið í sjó skammt undan. Áhöfn bátsins mun hafa verið 11 manns. Til stóð að létta akkerum. Akkerisbúnaður var þannig, að úr akkerinu sjálfu var 12—15 faðma löng keðja. Við hana var festur togvír til þess að lengja akkerisfestina, og í því skyni var notaður svokallaður vírlás, en hann er eins og U í laginu, og gengur bolti í gegn um enda lássins, og hefur hann haus á endanum, og er hann utan á armi lássins, þegar hann hefur verið skrúfaður í.

Stefnandi kvaðst gera ráð fyrir því, að stýrimaður hefði gengið frá þessum umbúnaði samkvæmt sínum fyrirmælum, og taldi víst, að það hefði verið gert, eftir að báturinn kom í eigu hlutfélagsins. Hann kvað hafa verið hægt að festa akkeriskeðjuna og togvírinn saman með svokölluðum keðjulás, en boltahaus gangi ekki út fyrir lás af þeirri gerð. Þessa lása væri oft vont að fá, einkum fyrir þá, sem ekki séu búsettir í Reykjavík.

Í umrætt skipti var verið að draga inn stjórnborðsakkerið. Þannig háttar til, að í gegnum hvalbak bátsins stjórnborðsmegin er gat (kluss), sem akkerisfestin rennur í gegn um. Aftarlega stjórnborðsmegin við miðju hvalbaksins er útbúnaður, sem akkerisfestin liggur í gegnum og áfram í gegnum blökk að togvindu, sem er bakborðsmegin á þilfari bátsins ca 1½—2 metra aftan við hvalbakinn, og er hún m. a. notuð til að draga akkerið inn. Framangreindur útbúnaður á hvalbak bátsins er nokkurs konar „stativ“, og á botni þess er spor, sem akkeriskeðjan fellur í, og þar er hægt að læsa hana fasta með sérstökum útbúnaði. Til þess að hægt væri að draga akkerisfestina inn að fullu, þurfti vírlásinn, sem togvírinn og akkeriskeðjan voru fest saman með, að koma lóðréttur inn í sporið, en að öðrum kosti stöðvaðist festin á boltahausnum, sem gengur út fyrir lásinn, og því ekki hægt að draga akkeriskeðjuna inn. Þegar lásinn kom inn láréttur, var gripið til þess ráðs að snúa honum 1/4 úr hring, venjulega með brýnslujárni. Í þessu skyni varð að hætta að draga akkerisfestina, þegar lásinn var rétt fyrir framan sporið, stinga brýnslujárninu í keðjuhlekk og snúa honum, draga síðan akkerisfestina varlega, þar til lásinn var kominn inn í sporið, taka þá járn-

ið úr hlekknum, og eftir það var hægt að draga akkeriskeðjuna hindrunarlaust inn að fullu. Skipstjórinn taldi, að jafnoft sem ekki hefði þurft að stýra lásnum og það hefði venjulega gert hásetinn Björgvin Þorbjörnsson.

Þegar umrætt slys varð, hafði hásetinn Kjartan Steingrímsson farið fram á hvalbak til þess að aðstoða við að draga inn akkerisfestina. Stýrimaðurinn, Sigurjón Rósmundsson, var við togvinduna. Til þess að snúa lásnum hafði Kjartan rörbút, sem sleginn var saman í annan endann, og þeim enda stakk hann inn í lásinn. Ekki hafði tekist hjá þeim Kjartani og Sigurjóni að draga akkerisfestina inn. Stefnandi fór þá fram á hvalbak, en sagðist ekki hafa farið eingöngu vegna þess, að erfiðlega hefði gengið, heldur hefði hann verið vanur að fara fram á, þegar búið var að léttu, til þess að ganga úr skugga um, að akkerið væri almennilega uppi og vel gengið frá því. Skipstjórinn kvað hásetann hafa verið að stinga járninu inn í keðjuna, þegar hann kom fram á hvalbak, og hafi hann staðið bakborðsmegin við keðjuna. Skipstjórinn kvaðst sjálfur hafa tekið járnid og stungið því inn í keðjuna, en þá hafi ekkert verið dregið og lásinn verið rétt framan við sporið í „statívinu“. Skipstjórinn kvaðst hafa staðið stjórnborðsmegin við keðjuna og því snúið vinstri hlið að stýrimanninum við togvinduna. Stýrimaðurinn hefði staðið framan við togvinduna með bakið að borðstokknum. Skipstjórinn kvað stýrimanninn ekki hafa séð til þeirra, þar sem þeir hafi verið að vinna, heldur hafi hann séð „ofan á okkur“. Dómendur skoðuðu aðstæður um borð í bátnum, og kom þá í ljós, að frá togvindunni sést upp á hvalbakinn, þar sem „statívið“ er, en lásinn ber að „statívinu“ að framan, og því getur sá, sem við togvinduna er, ekki séð handbrögðin við það að snúa lásnum. Skipstjórinn kvað stýrimanninn hafa átt að heyra vel í þeim, þar sem veðrið hafi verið mjög gott.

Skipstjórinn lýsti aðdraganda slyssins þannig, að eftir að hann hefði verið búinn að koma rörbútnum inn í keðjuhlekkinn, hefði hann beðið stýrimanninn að hífa rólega og síðan kallað í hann að stoppa til þess að kippa rörbútnum úr hlekknum og segja mætti, að þetta hefði hvort tveggja gerst á sekúndubroti. Stýrimaðurinn hefði þá hífð á fullu og ekki stoppað. Hásetinn hefði líka kallað á stýrimanninn að stoppa. Skipstjórinn kvaðst hafa reynt að kippa rörbútnum úr hlekknum, en ekki tekist. Endi rörbútsins hefði slegist í handlegg sinn og síðan þeyst út á sjó. Skipstjórinn sagði, að ekki hefði þurft að draga nema fet inn

af akkerisfestinni, til þess að lásinn gengi inn í sporið, og stýrimaðurinn hefði verið búnn að vinna þetta verk áður og alveg vitað, hvað um hafi verið að ræða.

Stýrimaðurinn, Sigurjón Rósmundsson, lýsti aðdraganda slyssins þannig, að skipstjórinn hefði komið hásetanum til aðstoðar og tekið stórt kúbein til þess að reyna að losa lásinn úr klemmunnni og hafi hann sagt sér að hífa um leið. Þá hafi lásinn losnað með miklum rykk og við það hafi kúbeinið slegist í handlegginn á skipstjóranum. Stýrimaðurinn kvaðst ekki minnst þess, að skipstjórinn hefði nokkru sinni kallað til sín um að stoppa spilið, heldur hefði hann þvert á móti margkallað og beðið sig að hífa. Hann kvaðst hafa híft af fullu afli, þegar lásinn hefði losnað, og hefði hann gert það að fyrirmælum skipstjórans.

Hásetinn Kjartan Steingrímsson lýsti aðdraganda slyssins á þá leið, að hann hefði verið ásamt öðrum háseta að stýra lásnum í sporið og hefði það gengið hálfilla. Skipstjórinn hefði komið fram á og tekið járníð og ætlað að gera þetta sjálfur. Hann taldi, að fyrst hefði skipstjórinn gert tilraun, sem ekki hefði tekist, og þá hefði stýrimaðurinn stoppað, þegar í hann var kallað. Í annarri tilraun hefði skipstjórinn sagt stýrimanninum að hífa rólega, en stýrimaðurinn hefði híft heldur skarpt. Ekki kemur skýrt fram, að skipstjórinn hafi beðið stýrimanninn að stoppa í þessari tilraun, en framburður vitnisins verður varla skilinn öðruvísi en svo, að í síðari tilrauninni hafi skipstjórinn ekki kallað til stýrimannsins að stoppa, heldur hafi stýrimaðurinn híft skarpt inn og við það hafi járníð lent á hendi skipstjórans.

Með skipstjóranum var siglt inn til Hafnar í Hornafirði strax eftir slysið, og þaðan var hann fluttur sama dag í Landspítalann í Reykjavík.

Í vottorði Bjarna Jónssonar, yfirlæknis á St. Jósefsspítalanum, Landakoti, dags. 17. apríl 1978, segir svo:

„Ástþór Guðnason, Reykjabraut 24, Þorlákshöfn, f. 14. 5. 1928, var lagður í Landakotsspítala 2. september 1976.

Sjúklingur hafði slasast við vinnu sína á sjó, var fluttur til Hornafjarðar og þaðan til Reykjavíkur, kom hann í Landakotsspítala um kvöldið. Við komu var hann nokkuð þjáður, en ekki lostinn. Röntgenskoðun sýndi brot á vinstri öln uppi undir ölboga, og jafnframt hafði sveifin hlaupið úr liðnum (*luxatio radio-humeralis et fractura ulnae sin.* (Monteggia). Að morgni

3. 9. var gert að slysinu í svæfingu, liðhlaupið var fært í skorður svo og brotið. Lagðar voru á gipsumbúðir.

Sjúklingur fór úr spítalanum þ. 24. september 1976 og hafði þá gipsumbúðir á handleggnum. Í desemberbyrjun voru umbúðirnar teknar, og sýndi Röntgenskoðun góða stillingu á brotinu og að liðurinn var í skorðum.

Sjúklingur kom nokkrum sinnum til eftirlits, í síðasta sinn þ. 30. september 1977. Hann segist finna brak í vinstri olnbogalið við hreyfingar og verði sér aflfátt, ef hann þarf að snúa framhandleggnum. Hann segist vera óþægindalaus í hvíld, en þreytist fljótt og fái verki í framhandlegg og í olnboga, ef hann ætlar að reyna verulega á höndina.

Við skoðun sést dálítill rýrnun á beygivöðva á framhandlegg (caput flexoris communis), það vantar u. þ. b. 10° upp á fulla réttingu og fáeinar gráður upp á fulla beygju. Rétthverfing (supinatio) er eðlileg, en nálega þriðjung vantar upp á ranghverfingu (pronatio). Röntgenskoðun þ. 29. september 1977 sýnir vel gróið brot á öln, þó ennþá sjáist til brotlínunnar. Stilling á liðamótum sveifar (articulatio radio humeralis et radio ulnaris) er eðlileg.

Sjúklingur hafði enn ekki byrjað á vinnu eftir slysið, utan hann reyndi einu sinni eða tvisvar að fara á handfæri og varð að gefast upp við það.

Hér er um að ræða nærri fimmtugan mann, sem slasaðist á handlegg fyrir hálfu öðru ári. Þegar ég sá hann síðast, var hann enn ekki vinnufær.

Við slys af þessu tagi (fractura Monteggia) er oft svo, að sjúklingur fær ekki full not handarinnar. Mér virðist þó, að þessi sjúklingur megi vænta allgóðs bata, með því að ölnarbrotið er gróið í góðri stillingu, og liðurinn er í réttum skorðum, en tíminn verður að skera úr því, hvort svo verður. Ég veit ekki, hverjum framförum sjúklingur hefir tekið á því hálfu ári, sem liðið er, síðan ég sá hann.“

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði byrjað að vinna á nýjan leik eftir miðjan mars árið 1977. Vinna sín hefði verið í því fólgin að líta eftir viðgerð á bátnum Mánatindi í dráttarbrautinni á Neskaupstað og hefði hann tekið við skipstjórn á þeim báti sama ár og verið með hann í tvö ár. Þá hefði hann tekið við öðrum báti og væri skipstjóri enn þann dag í dag. Stefnandi kvaðst ákaflega lítið þurfa að nota höndina við þau störf, sem hann ynni, en við þau nýttist höndin sér að fullu.

Hann kvaðst alltaf vera með þreytuverk í hendinni og alltaf vita af meiðslunum. Hann hefði farið í smátíma í frí og þá stundað handfæraveiðar, en því hefði hann þurft að hætta og síðan hafi hann ekkert reynt á höndina.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö mót á örorku stefnanda. Hið fyrra er gert af Ólafi Jónssyni lækni, dagsett 4. apríl 1980, en hið síðara af Jóni Guðgeirssyni lækni, dagsett 24. apríl 1980.

Ályktun og niðurstaða Ólafs Jónssonar læknis hljóðar svo:

„Ályktun: Hér er um að ræða tæplega fimmtugan skipstjóra, er varð fyrir slysi á vinstri handlegg fyrir réttu einu og hálfu ári síðan, þannig að framhandleggurinn brotnaði og olnbogaliður fór úr liði. Gert var að slysinu á venjulegan hátt, og gréru beinbrot, og eðlileg staða virtist vera á bæði brotendum og liðum. Í ljós hefur komið, að nokkur óþægindi eru í olnbogalið og ljóst, að nokkuð vantar á fullar hreyfingar, bæði réttingu, beygingu og snúning, og verður slasaði var við brak í liðnum við hreyfingar, og sömuleiðis verður honum aflfátt við vissar hreyfingar og einkum þá við snúning.

Röntgenmynd, er tekin var í síðasta mánuði, sýndi byrjandi osteoarthis breytingar í olnbogaliðnum, sem telja verður víst, að séu afleiðingar nefnds slyss, og er því ljóst, að hér er um nokkra varanlega örorku að ræða, sem að öllum líkindum á eftir að versna verulega.

Ljóst er, að ekki er um neinar frekari aðgerðir að ræða, er komið gæti í veg fyrir frekari skemmdir á olnboganum eða bætt ástand hans, svo tímabært er að meta örorku þá, er af slysinu hlaust, og telst hún hæfilega metin

100% í 4 mánuði

síðan 50% næstu þrjá mánuði

síðan 15% varanlega.“

Ályktun og niðurstaða Jóns Guðgeirssonar læknis hljóðar svo:

„Ályktun: Um er að ræða 52ja ára gamlan skipstjóra, sem slasaðist við vinnu sína um borð í fiskiskipi fyrir tveim og hálfu ári síðan og hlaut við það framhandleggsbrot vinstra megin, og olnbogaliðurinn fór úr liði. Eins og fram kemur í læknisvottorði Bjarna Jónssonar, yfirlæknis, var brotið meðhöndlað á venjulegan hátt, og greri það, og eðlileg staða virtist vera á bæði brotendum og liðum. Hann var með dálitla rýrnun á beygivöðvum á vinstri framhandlegg, og það vantar u. þ. b. 10° upp á fulla réttingu og fáeinar gráður upp á fulla beygju. Rétthverfing (supinatio) er eðlileg, en nálega þriðjung vantar

upp á ranghverfingu (pronatio). Þá sýna rtg.myndir, er teknar voru á St. Jósefsspítalanum í Reykjavík, þ. 30.03. 1978, að votti fyrir osteoarthrotiskum breytingum aftan til í vinstri olnbogalið, sem að sjálfsögðu er bein afleiðing slyssins, og má búast við, að slitgigtarbreytingar þessar eigi eftir að aukast, og er tekið tillit til þess í örorkumati þessu.

Slasaði telst því hafa hlotið bæði tímabundna og nokkra varanlega örorku vegna þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér greinir:

Frá slysdegi til 14.03. 1977	100%,
eftir það í þrjá mánuði	50%,
eftir það varanlega	15%.“

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda, og er útreikningurinn dagsettur 3. júlí 1978, svohljóðandi:

„Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar, læknis, dags. 4. apríl 1978, varð Ástþór Guðnason, Reykjabraut 24, Þorlákshöfn, fyrir slysi 1. september 1976. Telur læknirinn, að Ástþór hafi af völdum slyss þessa hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 4 mánuði	100%
Í 3 mánuði	50%
Síðan til frambúðar	15%

Ástþór er sagður fæddur 14. maí 1928 og hefur samkvæmt því verið 48 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum hans fyrir starfsárin 1973—1977 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið 1973 kr.	897.250.-
— 1974 —	1.295.169.-
— 1975 —	1.170.180.-
— 1976 —	1.307.670.-
— 1977 —	2.762.503.-

Að langmestu leyti er hér um að ræða sjómennsku á fiskibátum, og að undanskildum tæpum 100 þús. kr. á árinu 1973 eru allar ofangreindar tekjur 1973—1976 launagreiðslur frá Drangi hf., en Ástþór hefur verið hluthafi í því fyrirtæki. Að sögn yðar, herra lögmaður, kveður hann útgerðina hafa gengið illa og hafi hann því sem einn eigenda reiknað sér lág laun.

Árin 1973 og 1974 eru ofangreindar tekjur mjög svipaðar meðalvinnutekjum sjómanna þau ár samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar. Árið 1975 eru tekjur Ástþórs hins vegar

lágur í samanburði við tekjur samkvæmt úrtaksrannsókninni, og hlutfallslega enn lægri eru tekjur hans sjálfst slysárið 1976, en það er raunar eðlilegt. Árin 1973—1975 eru slysaftryggðar vikur á sjó taldar frá 33 til 37. Auk fjölda vinnuvikna á sjó hefur afli og staða hlutaðeigandi á skipi að sjálfstöðu mikil áhrif á árlegar vinnutekjur sjómanns, en í örorkumatgerðinni kemur fram, að Ástþór hefur verið skipstjóri.

Til grundvallar tjónsútreikningi hef ég lagt framangreindar vinnutekjur Ástþórs starfsárin 1973—1975, þ. e. þrjú ár fyrir slysið. Með umreikningi með tilliti til breytinga á fiskverði til sjómanna svo og breytinga á ákvæðum kjarasamninga um skiptahlut reiknast mér árlegar meðalvinnutekjur þá verða sem hér segir:

Árið 1976, frá slysd. kr. 2.170.587.-	
— 1977	— 2.728.884.-
— 1978	— 3.692.837.-
Eftir þann tíma	— 3.891.990.-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áður nefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 7 mánuði	kr. 998.406.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 3.636.004.-

Samtals kr. 4.634.410.-

Iðgjöld bátasjómanna til lífeyrissjóðs eru yfirleitt greidd af tiltölulega litlum hluta heildartekna, og tel ég ekki ástæður til að ætla, að orkutap Ástþórs dragi úr lífeyrisréttindum hans í framtíðinni. Hef ég því ekki gert útreikning í því sambandi.

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með 13% ársvöxtum til frambúðar og töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlífendatöflum íslenskra karla 1951—1960.“

Í stefnu sundurliðaði stefnandi kröfur sínar þannig:

1. Vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku .. kr. 4.634.410
2. Þjáninga- og miskabætur — 1.500.000
3. Læknisvottorð kr. 10.000
- Skattframtöl — 4.240
- Örorkumat — 35.000
- Örorkutjónsútreikningur — 42.000

Ferðakostnaður og vinnutap Kjartans

Steingrímssonar kr. 39.300

Endurrit — 12.080

kr. 142.620

Samtals kr. 6.277.030

Eins og að framan er getið, lækkaði stefnandi kröfur sínar við munnlegan flutning málsins, sem nam samtölu eftirtalinna upphæða:

1. Slysátrygging sjómanna greidd af Tryggingu h/f kr. 297.119
2. Dagpeningar greiddir af Tryggingastofnun ríkis-
ins — 123.206
3. Örorkubætur greiddar af sama — 1.857.317
4. Málskostnaður innifalinn í stefnufjárhæð — 142.620

Samtals kr. 2.420.262

Stefnufjárhæðin er því kr. 3.856.768, eins og að framan getur.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að búnaður sá, sem notaður var til að draga inn akkeri bátsins, hafi verið gallalaus og til hans sé á engan hátt hægt að rekja það, að slysið varð. Stefnandi hafi unnið að verkinu mistakalaust, en um hafi verið að ræða verk, sem margoft hafi verið búíð að vinna áður. Orsök slyssins sé tvímælalaust sú, að stýrimaðurinn, Sigurjón Rósmundsson, hafi ekki staðið rétt að verki sínu. Hann hafi togað akkerisfestina allt of hratt inn og ekki hlýðnast fyrirmælum skipstjórans um að hætta að toga. Þessi mistök Sigurjóns séu enn ljósari, þegar litið sé til þess, að hann hafi verið verkinu vanur og unnið það, án þess að slys hlytist af.

Á tjóni, sem leitt hafi af þessu slysi, beri stefndi, Drangur h/f, ábyrgð samkvæmt reglum um húsbónðaábyrgð, eins og þær komi fram í lögum nr. 66/1963 um siglingar, einkum 8. gr.

Kröfugerð stefnanda byggist alfarið á þeim örorkumötum og örorkutjónsútreikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu. Full þörf hafi verið á að afla síðara örorkumatsins, þar sem dregið sé í efa af hálfu stefnda, að örorka stefnanda sé eins mikil og hann haldi fram.

Fullt samræmi sé á milli þess vaxtafótar, sem notaður sé í útreikningi á örorkutjóni stefnanda, og vaxtakröfu hans, enda sé vöxtum skipt í tvo þætti, grunnvexti og verðbótapátt.

Stefndi.

Af hálfu stefnda, Drangs h/f, er á því byggt, að orsök slyssins sé í fyrsta lagi sú, að útbúnaður við tengingu akkeriskeðjunnar og togvirsins hafi verið slæmur, en á því beri stefnandi ábyrgð sem skipstjóri og stjórnarmaður í hinu stefnda hlutafélagi. Sama ábyrgð hvíli á öðrum stjórnarmönnum í hlutafélaginu.

Lás sá, sem notaður hafi verið, hafi verið af óheppilegri gerð og hafi hann oftast borið öfugt að, þegar akkerið var togað inn, og hafi það því gengið brösótt. Annars konar lásar hafi verið til, sem ekki voru haldnir sömu vanköntum, en lás af slíkri gerð hafi ekki verið notaður.

Í öðru lagi hafi stefnandi gert sig sekan um handvömm við verkið. Þar sem lásinn hafi verið erfiður viðfangs, hafi ástæða verið til að sýna sérstaka aðgæslu. Stefnandi hafi ekki verið vanur því að inna þetta verk af höndum og hafi sýnt af sér hvatvísi, þegar hann hafi gengið í verk hásetans og tekið á sig sérstaka ábyrgð með því. Í þetta skipti hafi ekki verið notað það járn, sem venjulega hafi verið notað, heldur rörbútur, sem óheppilegur hafi verið til verksins. Ekkert sé komið fram, sem bendi til þess, að stýrimaðurinn hafi farið óvarlega að við að toga inn akkerisfestina, en skipstjórinn hafi átt að koma því þannig fyrir, að stýrimaðurinn gæti fylgst með því, hvernig að verkinu var staðið. Þá sé ekkert komið fram, sem bendi til annars en stýrimaðurinn hafi stöðvað vinduna, strax og hann var beðinn um.

Báðar þessar ástæður leiði til þess, að stefnandi eigi ekki rétt á bótum úr hendi stefnda.

Verði ekki litið svo á, að stefnandi beri einn ábyrgðina á því, að slysið varð, beri að taka tillit til þess, að bætur séu skattfrjálsar og greiddar í einu lagi, en hvort tveggja leiði til lækkunar bóta. Þá sé ekki hægt að telja örorkumatið sannfærandi, enda sé tæpast hægt að koma auga á þau líkamlegu einkenni, sem hægt sé að styðjast við, þegar örorkan sé metin. Þá sé ekki samræmi á milli þess vaxtafótar, sem notaður sé í útreikningi á örorkutjóni, og vaxtakröfu stefnanda.

Krafa stefnanda um miskabætur sé allt of há, en stefnandi hafi ekki orðið fyrir stórfelldum meiðslum. Allt þetta leiði til

lækkunar þeirra bóta, sem stefnandi kunnir að verða talinn eiga rétt á.

FORSENDUR OG NIÐURSTAÐA.

Stefnandi skýrði frá því fyrir dóminum, að lás sá, sem notaður var til þess að festa saman akkeriskeðjuna og togvírinn, hefði örugglega verið tekinn í notkun, eftir að báturinn kom í eigu stefnda, Drangs h/f, og kvaðst gera ráð fyrir því að hafa sjálfur látið taka þennan lás í notkun, en stefnandi var skipstjóri á bátnum, frá því að stefndi eignaðist hann, þar til slysið varð.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn segja vera algengt á bátum, sem eru af svipaðri stærð og Brimir, SU 69, að notaður sé sams konar útbúnaður og þar var til þess að draga inn akkerið. Þykir það þægilegra, þar sem togvírinn er léttari og meðfærilegri en akkeriskeðjan, og hann er hægt að draga inn á togvindu bátsins, sem jafnframt er notuð til annarra þarfa, þannig að ekki er þörf á sérstakri akkerisvindu. Þessi útbúnaður hefur í sjálfu sér ekki meiri hættu eða óöryggi í för með sér heldur en ef notuð væri akkerisfesti einvörðungu. Hins vegar verður að líta svo á, að tenging togvírsins og akkeriskeðjunnar, þ. e. a. s. lásinn, sem notaður er, verði að vera þeirrar gerðar, að af honum stafi sem minnst hætta á slysum og óhöppum, þegar akkerisfestin er dregin inn.

Samkvæmt framburði stefnanda þurfti jafnoft sem ekki að stýra lásnum inn í sporið og sömuleiðis að hægt hefði verið að fá lás af þannig gerð (keðjulás), að akkerisfestina hefði mátt draga hindrunarlaust inn, hefði hann verið notaður.

Stjórnendum hins stefnda hlutafélags, þ. m. t. stefnanda sjálfum sem stjórnarmanni svo og sem skipstjóra, þar skylda til þess að sjá um, að útbúnaður skipsins væri með þeim hætti, að við notkun hans þyrfti ekki að beita aðferðum, sem hætta gat stafað af. Ljóst er, að orsök slyssins má að nokkru leyti rekja til þess, að ekki var notaður útbúnaður, sem hættulausan mátti telja, og verður að líta svo á, að hið stefnda hlutafélag og þá jafnframt stefnandi sem stjórnarmaður og skipstjóri á bátnum beri að hluta til ábyrgð á því, að slysið varð. Hvað þetta atriði snertir, ber því stefnandi sjálfur sömu sök og hið stefnda hlutafélag.

Fram er komið í málinu, að stefnandi kom að þessu verki,

þegar stýrimaður og háseti höfðu gert misheppnaðar tilraunir til þess að draga inn akkerisfestina. Um þetta verk þurfti að vera samvinna á milli tveggja manna, og þannig háttar til um borð í bátnum, að sá, sem stjórnar togvindunni, sér ekki beint til handtaka þess, sem stýrir akkeriskeðjunni inn í sporið. Báðir áttu að hafa þessar aðstæður ríkt í huga, en þær kröfðust meiri aðgæslu beggja en hefðu þeir séð hindrunarlaust hvor til annars.

Frásögnum skipverja af aðdraganda slyssins ber ekki að öllu saman.

Samkvæmt frásögn hásetans Kjartans Steingrímssonar virðist stefnandi fyrst hafa gert tilraun, sem ekki tókst, og þá kallað til stýrimannsins að stoppa. Í annarri tilraun hafi hann sagt honum að hífa rólega, en stýrimaðurinn hafi híft heldur skarpt, en ekki kemur skýrt fram hjá hásetanum, að í síðari tilrauninni hafi stefnandi kallað til stýrimannsins að stoppa.

Ekki kemur fram hjá stefnanda, að hann hafi gert tvær tilraunir. Hann kveðst hafa beðið stýrimanninn að hífa rólega og síðan kallað í hann að stoppa. Hvorugu hafi stýrimaðurinn sinnt, hann hafi híft skarpt og ekki stoppað. Hann hafi þá reynt að kippa rörbútnum úr keðjuhlekknum, en ekki tekist, en rörbúturinn hafi síðan slegist í handlegginn.

Stýrimaðurinn kveðst hafa híft af fullu afli samkvæmt fyrir-mælum stefnanda og stefnandi hafi ekki beðið sig að stoppa.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er ekki ljóst, hvernig fyrirmælum skipstjórans hefur í raun verið háttað, hvort hann hefur gefið rétt fyrirmæli og þau komist óbrennguð til stýrimannsins eða hann skilið þau rétt.

Í þessu tilviki gengur stefnandi í verk, sem annar skipverji hafði byrjað. Líta verður svo á, að það hafi verið skilyrðislaus skylda skipstjórans að gefa svo skýr og ótvíræð fyrirmæli um framgang verksins, að það mætti ganga með öruggum hætti eftir því sem unnt var. Það, sem fram er komið í málinu, gefur ekki til kynna, að svo hafi verið.

Stýrimanninum bar að sýna sérstaka aðgæslu við verk sitt og haga því svo, að ekki stafaði hætta af. Honum bar skylda til þess að fara einungis eftir þeim fyrirmælum, sem máttu teljast skýr, og má þá líta til þess, að hann gat ekki fylgst að fullu með því, sem stefnandi var að gera, með eigin augum. Honum bar að gæta þess sérstaklega að hífa með varúð, þar til akkeriskeðjan hafði gripið sporið og búið var að fjarlægja járn-ið, sem notað var til þess að stýra lásnum, en byggja verður

á því, að stýrimaðurinn hafi fengið þau fyrirmæli frá stefnanda að hífa varlega, enda hefur hásetinn lýst því, að þau fyrirmæli hafi stefnandi gefið.

Samkvæmt þessu verður að telja, að bæði stýrimaður og stefnandi eigi sök á því, að slysið varð. Þegar tekið er tillit til stöðu stefnanda sem stjórnarmanns í hinu stefnda hlutafélagi og skipstjóra á bátnum, sbr. það sem að framan segir um tengingu togvirsins og akkerisfestarinnar, þykir rétt að skipta sök þannig, að stefnandi beri 3/5 hluta, en stýrimaðurinn 2/5 hluta.

Eins og að framan er rakið, sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

1. Vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku . . kr. 4.634.410
2. Þjáninga- og miskabætur — 1.500.000

Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndi greiði sér málskostnað samkvæmt reikningi, kr. 2.017.839, og er þar bæði um að ræða kostnað, sem stafar af rekstri þessa máls frá birtingu stefnu, og eins kostnað vegna gagnaöflunar fyrir örorkutjónsútreikning, en sá kostnaður nemur kr. 210.620 eftir því sem best verður séð.

Um 1.

Örorka stefnanda hefur verið metin af tveim læknum, Ólafi Jónssyni 4. apríl 1978 og Jóni Guðgeirssyni 24. apríl 1980. Ólafur telur stefnanda hafa verið 100% öryrkja fyrstu 4 mánuði frá slysdegi, en Jón í 6½ mánuð. Báðir lækarnir telja stefnanda hafa verið 50% öryrkja í næstu 3 mánuði, eftir að 100% örorkunni lauk, og báðir telja hann vera 15% öryrkja varanlega.

Stefnandi kveðst hafa byrjað að vinna við eftirlit með viðgerð á bát 6½ mánuði eftir slysið og síðan hafi hann gerst skipstjóri á bátnum og hafi verið skipstjóri síðan.

Þegar litið er til framangreindra örorkumata svo og til útreiknings á örorkutjóni stefnanda, þykir mega leggja til grundvallar, að örorkutjón hans nemi kr. 4.634.410. Hins vegar ber að gæta, að stefnandi nýtur þess hagræðis, að bótagreiðslur til hans eru skattlausar og eins mundu þær greiddar í einu lagi. Verður að taka tillit til hvors tveggja, og þykir örorkutjón stefnanda því hæfilega metið kr. 3.500.000.

Um 2.

Ljóst er, að stefnandi hefur orðið fyrir nokkrum þjáningum og miska vegna slyssins. Þykja bætur fyrir það hæfilega metnar á kr. 1.000.000.

Krafa stefnanda um greiðslu málskostnaðar er þannig sett fram, að ekki er unnt að líta svo á, að hluti hennar falli undir bóttakröfu stefnanda, og verður afstaða til hennar tekin síðar.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum telur dómurinn, að tjón stefnanda nemi kr. 4.500.000. Af því skal stefnandi sjálfur bera 3/5 hluta, eða kr. 2.700.000, en stefndi, Drangur h/f, kr. 1.800.000, en til frádráttar þeirri fjárhæð koma þær bætur, sem stefnandi hefur fengið greiddar hjá öðrum aðiljum, eða kr. 2.277.642 eða hærri fjárhæð, og samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Stefnandi hefur eigi gert kröfur á hendur réttargæslustefnda og réttargæslustefndi ekki kröfur á hendur honum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Pétur Guðmundsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Drangur h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ástþórs Guðnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 27. október 1982.

Nr. 238/1980. **Erla Gissurardóttir**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Guðmundi Magnússyni

(Kristinn Einarsson hrl.).

Veðskuldabréf. Synjað um fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.